



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 PATREKSFIRÐI

Reykjavík 21. febrúar 2023
Tilv.: UMH22120018/10.2

Vísað er til erindis Vesturbyggðar til ráðuneytisins þann 5. desember sl. þar sem óskað var eftir afstöðu ofanflóðanefndar til þess að ofanflóðasjóður greiði sveitarfélaginu þá fjárhæð sem það myndi kosta að byggja sérstakan varnargarð til að verja Bíldudalsskóla ákveði sveitarfélagið að hætta notkun húsnæðisins fyrir skólastarfsemi og flytja starfsemina annað. Byggingin yrði þá ekki í notkun ef ofanflóðahætta væri til staðar.

Í erindinu kom einnig fram að endanleg ákvörðun yrði ekki tekin um það hvort byggingin yrði lagfærð eða aðrar leiðir fundnar til að stunda skólahald fyrr en afstaða ofanflóðanefndar lægi fyrir.

Að mati ráðuneytisins veita lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum ofanflóðanefnd ekki heimild til að samþykkja þá tilhögun sem sveitarfélagið nefnir í framangreindu erindi. Lögin gera eingöngu ráð fyrir byggingu varnavirkja og öðrum varnaraðgerðum eða flutningi húseigna eða uppkaupum sveitarstjórnar á húseignum þriðja aðila, sé það talið hagkvæmara. Lögin heimila því ekki styrkveitingu til sveitarfélaga til að flytja starfsemi tiltekinnar bygginga af hættusvæði og þá eftir atvikum til að byggja annars staðar en á hættusvæði.

Mat ráðuneytisins var kynnt á fundi ofanflóðanefndar þann 15. febrúar sl. og var nefndin sammála því að nefndina skorti lagaheimildir til þeirrar ráðstöfunar sem nefnd er í erindi Vesturbyggðar. Að framangreindu virtu er það því afstaða ráðuneytisins og ofanflóðanefndar að ofanflóðanefnd gæti ekki orðið við þeirri beiðni sem fram kemur í erindi Vesturbyggðar.

Í tilefni af erindi Vesturbyggðar og í ljósi framangreinds upplýsist að ráðuneytið er með til skoðunar hvort tilefni sé til breytinga á lögum 49/1997, þ.e. hvort veita ætti ofanflóðanefnd og ráðherra meiri sveigjanleika við ákvarðanatöku hvað varðar greiðslur úr ofanflóðasjóði.

Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

